



Fundargerð fræðslunefndar 19. október 2016

Fundur haldinn í fræðslunefnd Vopnafjarðarhrepps miðvikudaginn

19. okt. 2016 kl. 11:45 í Vopnafjarðarskóla. Mættir: Fanney Hauksdóttir, Hafþór Róbertsson og Fjóla Valsdóttir. Einnig kom á fundinn Margrét Gunnarsdóttir og Stephen Yates.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. mál

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og var hún samþykkt samhljóða.

2. mál

Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Vopnafjarðar fyrir ári 2017.

Fyrir lágu drög að fjárhagsáætlun frá skólanum upp á 950 þús. kr.

Þar sem áætl. kostnaður vegna blásturshljóðfæra er upp á 100 þús. Ferðir 150 þús. og setja glugga í hurðir á kennslustofum upp á kr. 300 þús.

Nefndin styður þessa áætlun.

46 nemendur eru í skólanum í vetur. Það kom fram í máli Stephen að erfitt hefur verið fyrir hann að fá tíma fyrir barnakórinn (30 mín) vegna þess að börnin eru í íþróttatímum hjá Einherja á sama tíma. Nefndarmenn voru sammála um að það þyrfti að koma þessu í lag með góðri sammvinnu við Einherja, það yrði sjónarsviptir af því ef kórinn hætti.

Samþykkt að formaður sendi bréf til stjórnar Einherja þar sem þessi mál væru reifuð og reynt að komast að samkomulagi.

3. mál

Fjárhagsáætlun Bókasafns Vopnafjarðar fyrir ári 2017.

Fyrir lágu einnig drög að áætlun fyrir bókasafnið upp á kr. 1710 þús.

Tímarit og bækur upp á 1.000 þús. kr., bókakassi upp á 150 þús. kr., tölvuskjár upp á 60 þús. kr. og bókahillur upp á 500 þús. kr. Nefndin var sammála áætlunin.

Þess ber að geta að bókahillurnar voru á áætluninni á síðasta fjárhagsári en ekki náðist að kaupa þær þá.

Það kom fram í máli Margrétar að nokkuð minni aðsókn hefur verið að safninu en árið á undan. Samþykkt að útbúa dreifibréf þar sem vakin er athygli á safninu, opnunartíma og fl. Einnig kom til umræðu afleysingarmál safnsins og eru þau mál í skoðun.

Hafþór Róbertsson